

Stjórnarfundur Vestarr

Haldinn á Kaffi Emil, 5. júní 2019 kl. 12:00

Mættir, Anna María, Garðar, Hinrik, Hermann og Kristín

1. Fundur settur, Garðar bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.
3. Staða fjármála, Anna María gjaldkeri fór yfir stöðu reikninga, eftir greiðslu launa og reikninga eru 1.800.000.- kr til á bankabókum klúbbsins. Garðar óskaði eftir heimild stjórnar til að ræða við golfklúbb Patreksfjarðar um möguleg kaup á Toro brautarvél í varahluti. Samþykkt.
4. Yfirlit nefnda. Vallarnefnd, vinnudagur gekk vel, kominn sandur í flesta bönkera en á eftir að moka og raka nokkra, (sjá lið 5) Búið að kaupa 1800 nýja æfingabolta til notkunar á æfingasvæðinu, búið að skipta út elstu boltunum, þarf að fara yfir þá sem eru eftir á æfingasvæðinu. Mótanefnd, Sjómannadagsmótið gekk vel, 53 þátttakendur, næsta mót 6. júní, vantar upp á að félagsmenn skrái sig. Samþykkt að kaupa gjafabréf hjá Golfskálanum í verðlaun í mótariðina, Soffanías Cecilsson ehf. Þaf að halda námskeið fyrir mótanefnd í notkun á Golf.is. Kvinnanefnd, kvennadagar á þriðjudögum, ekki er útlit fyrir að send verði kvennasveit í Íslandsmót golfklúbba 2. deild að þessu sinni en sveit verði í öldung kvenna.
5. Vinnuskóli Grundarfjarðarbæjar. Á föstudaginn koma krakkar úr vinnuskólanum til vinnu á Bárarvelli, á dagskránni er að raka og moka bönkera, hreinsa í kringum tré á 9. braut og setja spænir við þau tré. Grillaðar pylsur, golfkennsla og golfleikir. Starfsmenn klúbbsins hafa umsjón.

6. Önnur mál,
 - a. Kristín fór yfir fatamál, samþykkt að fá sýnishorn og vera með kynningu fyrir félagsmenn.
 - b. Íslandsmót golfklúbba 50+. Samþykkt að skrá karla og kvennasveit til þátttöku í Íslandsmóti 50+.
 - c. PGA dagurinn er 10. júní næstkomandi, kynnt.
 - d. Lögð fram tillaga um að fela formanni, gjaldkera og ritara að leita til sveitarfélagsins um aðkomu að rekstri íþróttasvæði Bárarvallar.
Samþykkt
 - e. Kynningarfundur, þann 28. maí var í Sögumiðstöðinni, kynningarfundur um starf Vestarr. Dræm þátttaka var

Fundi slitið kl. 13:06

Garðar Svansson